


7. nóvember 2013

## Áratugur til ársins 2007?


Tekjur landsmanna eiga enn langt í land með að ná svipuðum hæðum og á árunum fyrir hrun. Þetta má lesa út úr grein Páls Kolbeins í [Tíund](#), fréttabréfi Ríkisskattstjóra, sem út kom í síðasta mánuði. Greinin byggir á samandregnum upplýsingum úr framtölum einstaklinga fyrir árin 2004 – 2012. Samanlagður tekju- og útsvarsstofn einstaklinga var 932 ma.kr. á síðasta ári og jókst um 2,1% milli ára. Fjöldi framteljenda tekjuskatts var 239.631 og samsvarar þetta því 3.888 þús.kr. á hvern framteljanda sem er raunstækkun útsvarsstofns á hvern íbúa upp á 1,2%. Við eigum þó enn langt í land með að ná sömu tekjum og þegar þær voru hæstar árið 2007 en samdráttur tekjuskattstofns milli 2007 og 2012 var 14% að raunvirði.




Tölur á verðlagi ársins 2012. Heimild: Tíund, fréttabréf RSK, og greiningardeild

Í framhaldi af hruninu hækkuðu greiðslur frá lífeyrissjóðum, m.a. vegna útgreiðslu séreignar, og atvinnuleysisbætur mikið. Sem hlutfall af tekjuskattstofni urðu samanlagðar greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, greiðslur frá tryggingastofnun og húsaleigubætur hæstar árið 2009 eða samtals 24%. Síðan hefur þetta hlutfall farið hægt minnkandi og var 21% í fyrra. Til samanburðar var hlutdeild lífeyrissgreiðslna og bóta í kringum 12% af tekjuskattstofni á árunum 2004 – 2007. Ef við leiðréttum fyrir ofangreindum bótum og lífeyrissgreiðslum og segjum að það sem eftir stendur samsvari tekjum vegna starfa á vinnumarkaði, þá hækkaði stofninn um 3,5% milli ára á árinu 2012 sem samsvarar 2,6% raunhækkun á hvern framteljanda. Borið saman við árið 2007 hafa tekjur vegna starfa á vinnumarkaði, mælt á þennan mælikvarða, lækkað um 19% samtals að raunvirði og 21% mælt á hvern framteljanda. Svo mikill samdráttur ætti ekki að koma á óvart þar sem þjóðarútgjöld drógust saman um 25% frá 2007 – 2012 þó svo verg landsframleiðsla hafi aðeins dregist saman um 6%. Ef tekjur landsmanna vegna starfa á vinnumarkaði hækka áfram með sama hraða og þær hafa að meðaltali gert síðustu tvö ár (2,0%) mun það gerast eftir áratug, eða árið 2024, að þær verða þær sömu og þær voru hið undarlega ár 2007.

Tekjuskatt- og útsvarstofn í mö.kr. að frádregnum lífeyrissjóðsgreiðslum og bótum




Tekjuskatt- og útsvarstofn í m.kr. að frádregnum lífeyrissjóðsgreiðslum og bótum á hvern framteljanda




Tölur á verðlagi ársins 2012. Heimild: Tíund, fréttabréf RSK, og greiningardeild

Undanfarin fjögur ár hefur verið hægur stígangi í tekjum landsmanna. Enn vantar þó u.þ.b. fjórðung upp á að tekjur vegna starfa á vinnumarkaði á hvern framteljanda nái sömu hæðum og er þær náðu hámarki árið 2007.

Skattskyldar tekjur samtals í mö.kr.



Skattskyldar tekjur samtals í m.kr. á hvern framteljanda



Tölur á verðlagi ársins 2012. Heimild: Tíund, fréttabréf RSK, og greiningardeild

Myndin verður svo enn meira sláandi þegar fjármagnstekjur eru meðtaldar. Þess verður líklega langt að bíða að fjármagnstekjur verði jafn stór hluti skattskyldra tekna landsmanna, eða 25%, eins og var árið 2007. Að þeim meðtöldum vantar en u.þ.b. 40% upp á að skattskyldar tekjur landsmanna verði viðlíka og það ár. Það samsvarar því að skattskyldar tekjur hvers og eins framteljanda tekju- og fjármagnstekjuskatts (samtals 264.193 árið 2012) hafi verið 1,6 m.kr. lægri að raunvirði árið 2012 en árið 2007.

### Greiningardeild Arion banka

Fannar Jónsson  
fannar.jonsson@arionbanki.is  
444-6962

Hafsteinn Hauksson  
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is  
444-6993

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is  
444-6981

Stefán Broddi Guðjónsson, ábm.  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is  
444-6959

Erna Sverrisdóttir  
erna.sverrisdottir@arionbanki.is  
444-6991